

HULA - byggðasamlag um sorphæðferð
Austurvegi 17
870Vík

Reykjavík, 25. nóvember 2021
UST202103-119/S.M.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 25. október sl. þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávíka er fram komu í eftirliti 5. október sl. Þann 12. nóvember sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

- 1. Gr. 5.4 í starfsleyfi, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.** Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1 fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skil á skráningum voru ekki fullnægjandi. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er stefnt að því að niðurstöður skráninga um meðhöndlun úrgangs á urðunarsvæði Hulu fyrir árið 2021 verði sendar Umhverfisstofnun fyrir 1. maí 2022.**
- 2. Gr. 1.2 í starfsleyfi, sbr. ákvæði um skyldur rekstraraðila í 40. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.** Heimilt er að taka á móti og urða allt að 400 tonn af úrgangi á ári. Árið 2020 voru urðuð 522 tonn af úrgangi á urðunarstaðnum sem er umfram heimild starfsleyfis. **Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að ljóst sé að þrátt fyrir að flokkun á plasti og pappa hafi hafist 2019 og síðan lífrænum úrgangi 2020, þá fjölgar fólki á svæðinu hratt og örugglega. Stefnt er að því að sækja um breytingu á heimild til urðunar á Skógasandi úr 400 tonnum í 600 tonn, jafnframt verður hafist handa við að flokka timbur fyrir 1. janúar 2022.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávíkanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur